

Alþingi
Erindi nr. P 134/139
komudagur 18.11.2008



Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
b/t Elín Valdís Posteingsdóttir
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. nóvember 2008.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um skipan frídaga að vori (85. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu til þingsályktunar sem felur í sér að skipað verði nefnd til að vinna að undirbúningi lagasetningar um breytta skipan frídaga að vori.

Markmið tillögunnar, að hlúa að framleiðni fyrirtækja og samverustundum fjölskyldna, eru eðli málsins samkvæmt góðra gjalda verð og vert er að líta til fordæma Norðurlandanna á þessu sviði. Viðskiptaráð telur hinsvegar óþarft að skipa nefnd um málið og hvetur því til að lagt verði fram frumvarp um sama mál þar sem nauðsynleg umræða um fyrirkomulag frídaga getur hæglega átt sér stað í lagasetningaferlinu. Við núverandi aðstæður ætti allt kapp að vera lagt á að lágmarka útgjöld ríkissjóðs og að auki myndi nefndarskipan um málið einungis tefja framgang þess.

Viðskiptaráð leggur til að tillagan nái ekki fram að ganga, en hvetur þess í stað til hafist verði handa við undirbúning lagafrumvarps sama efnis.

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs